


Tillaga að lokaverkefni í Tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík

Sýnishorn



Bankinn ehf.

Símabankinn

Unnið fyrir:
Bankinn ehf.

Tengiliður hjá fyrirtæki:
Jón Jónsson, jon.jonsson@bankinn.is, GSM: 899 8899

1. Markmið verkefnis

Verkefnið snýst um að gera helstu aðgerðir í Heimabanka Bankans aðgengilegar í gegnum farsíma. Þær aðgerðir sem um ræðir eru millifærslur, greiðsla á reikningum, reikningsyfirlit, verðbréfavíðskipti o.fl. Mikil áhersla verður lögð á nytsemi (usability) og öryggismál.

2. Ítarlegri lýsing

Til margra ára hafa bankar víðsvegar um heim boðið upp á netbanka. Bankinn hf. hefur einnig komið sér upp slíkum netbanka og kallast hann Heimabankinn. Þróunin annarstaðar hefur verið sú að nú vilja notendur geta nálgast netbanka sinn í gegnum farsíma sinn. Þetta hefur ekki verið framkvæmt með árangri hérlendis, því er þetta verkefni brautryðjanda starf.

Verkefnið snýst um að yfirfæra helstu aðgerðir vef útgáfu Heimabankans yfir á vef útgáfu fyrir farsíma. Megin aðgerðum hefur verið forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Innskráning
2. Millifæra
 - a) Á innsleginn reikning
 - b) Á eigin reikning
 - c) Á þekktan viðtakanda
3. Skoða stöðu á reikningum
4. Greiða ógreidda reikninga
5. Skoða reikningsyfirlit
6. Skoða kreditkortayfirlit

Þar sem veflausn Heimabankans er nú þegar til staðar þarf ekki að forrita lengra niður heldur en á business lag kerfisins. Því snýst verkefnið aðalega um að setja upp notendavænt viðmót og sérstaklega öryggismál, enda miklir fjármunir í húfi. Notast verður við Microsoft Visual Studios 2005/2008 til að búa til ASP .net vefsíðu með C# kóðun.

Markmið verkefnisins er því að búa til farsímavæna vef útgáfu af Heimabanka Bankans hf. á öruggan og nytsamlegan hátt.

3. Afurð verkefnis

Skila skal keyrandi útgáfu af Símbankanum, sem uppfyllir ofangreinda virkni, sem er tilbúinn fyrir viðskiptavini Bankans hf. Afurðin verður í eign Bankans hf. að verki loknu.

4. Umfang verkefnisins

Þegar manntímar hafa verið áætlaðir fyrir greiningu, hönnun, forritun og prófanir verkefnisins er umfangs verkefnisins 1400 – 1600 manntímar.

5. Þróunarumhverfi og tækni

Microsoft Visual Studios 2005/2008

- C#
- ASP.net

6. Aðstaða nemenda

Bankinn býður nemendum vinnurými í opnu rými, þar sem nemendur vinna innan um annað hugbúnaðarfólk bankans. Nemendur fá vinnuaðstöðu hlið við hlið, þannig að þeir geti auðveldlega unnið saman og einnig eru fjölmörg fundarherbergi, sem hægt er að nota til hópvinnu.

7. Hæfniskröfur

Ætlast er til að nemendur hafi grunnþekkingu á C# og ASP.net forritun og kunni að framkvæma prófanir með notendum.

8. Um fyrirtækið

Bankinn hf. er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins. Útibúanet Bankans er víðtækast meðal fjármálafyrirtækja og veitir bankinn alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Hjá Bankanum starfa 1000 manns.

9. Annað

Fyrirtækið er fjölskylduvænn staður, þar sem áhersla er lögð á að ekki sé unnin yfirvinna, nema í undantekningartilfellum. Einnig er fyrirtækið reyklaus vinnustaður.